

**47**  
28. jan.

2. gr.  
Stjórn sildarverksmiðju ríkisins á Siglufirði hefir á hendi stjórn sildarverksmiðjunnar á Raufarhöfn undir yfirumsjón atvinnumálaráðuneytisins.

3. gr.  
Atvinnumálaráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um rekstur verksmiðjunnar.

4. gr.  
Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

*Gjört á Amaliuborg, 28. janúar 1935.*

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

**Christian R.**

(L. S.)

*Haraldur Guðmundsson.*

**48**  
28. jan.

## L Ö G

### um verzlunarlóð Ísafjarðar.

Vér Christian hinn Tiundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvik, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

*Gjörum kunnugt:* Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru.

1. gr.

Verzlunarlóð Ísafjarðar skal ná yfir jarðirnar Seljaland og Eyri (með Stakkanesi), að undanskilinni Eyrarhlíð frá Urtusteini til landamerkjja Hnífalds og Eyrar (á Miðhlíð), og takmarkast að norðan af línu, sem dregin sé beina leið frá Urtusteini til fjalls.

2. gr.

Lög nr. 43 26. október 1917 eru úr gildi numin.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

*Gjört á Amaliuborg, 28. janúar 1935.*

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

**Christian R.**

(L. S.)

*Haraldur Guðmundsson.*